

Alþingi - Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. nóvember 2010  
Tilvísun: 2010110012/50.11  
Verknúmer: 1227000

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um atvinnuuppbyggingu og orkunýtingu í Þingeyjarsýslum, 120. mál**

Orkustofnun hefur borist erindi iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 22. nóvember 2010, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um tillögu til þingsályktunar um atvinnuuppbyggingu og orkunýtingu í Þingeyjarsýslum, 120. mál.

Í umræddri tillögu er m.a. kveðið á um að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að halda áfram, í samvinnu við heimamenn og orkufyrirtæki, að vinna markvisst að því að hægt verði að nýta jarðvarma í Þingeyjarsýslum til stórfelldrar atvinnuuppbyggingar á svæðinu.

Komi til orkunýtingar á umræddu svæði er ljóst að orkufyrirtæki munu leita til Orkustofnunar vegna leyfisveitingar í samræmi við ákvæði raforkulaga, nr. 65/2003, og ákvæði laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998. Með hliðsjón af hæfisreglum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, telur Orkustofnun ekki rétt að stofnunin taki afstöðu til fyrirhugaðra framkvæmda að svo stöddu.

Í ljósi framanritaðs gerir Orkustofnun ekki athugasemdir við efni tillögunnar að svo stöddu.

Virðingarfyllt,  
f. h. orkumálastjóra

  
Lárus Ólafsson  
yfirlögfræðingur